

7. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í félagsheimilinu Tíbrá 6. febrúar 2019 kl. 20:30.

Mætt eru: Viktor S. Pálsson formaður, Dýrfinna Sigurjónsdóttir og Hjalti Þorvarðarson ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra og Aðalbjörgu Skúladóttur bókara.

Forföll boðuðu: Sigrún Hreiðarsdóttir og Sverrir Einarsson.



1. Ársreikningur og fjárhagsáætlun

Lagður fram ársreikningur 2018 og fjárhagsáætlun 2019. Endanlegri afgreiðslu vísað til næsta fundar aðalstjórnar.

2. Aðalfundur Umf. Selfoss 2019

Aðalfundur Umf. Selfoss verður haldinn fimmtudaginn 4. apríl 2019.

Framkvæmdastjóra falið að óska eftir tillögum til aðalfundar frá deildum.

Aðalbjörg vék af fundi.

3. Reglugerð um styrk vegna rekstur meistaraflokka

Lögð fram drög að reglugerð um styrk vegna reksturs meistaraflokka sem byggir á kostnaði úr bókhaldi deilda. Samþykkt og vísað til endanlegrar afgreiðslu á næsta fundi aðalstjórnar.

4. Reglugerð um Afreks- og styrktarsjóð

Lögð fram drög að endurskoðaðri reglugerð um Afreks- og styrktarsjóð. Samþykkt og vísað til endanlegrar afgreiðslu á næsta fundi aðalstjórnar.

5. Lyftingadeild Umf. Selfoss

Frá stofnfundi lyftingadeildar Umf. Selfoss fyrir tveimur árum hefur farist fyrir að halda stjórnarfundum og aðalfundum. Framkvæmdastjóra og formanni falið að funda með forsvarsmönnum deildarinnar til að finna farsæla niðurstöðu fyrir ástundun íþróttarinnar innan Umf. Selfoss.

6. Héraðsþing HSK

Umf. Selfoss á 19 fulltrúa á 97. héraðsþingi HSK sem fram fer á Laugalandi í Holtum fimmtudaginn 14. mars 2019. Samþykkt að velja fulltrúa með sama hætti og undanfarin ár í hlutfalli við iðkendur deilda. Aðalstjórn tilnefnir tvo, knattspyrna fjóra, fimleikar og handbolti þrjá, frjálsar og taekwondo tilnefna tvo og sund, júdó og mótókross tilnefna einn.

7. Þjálfararáðstefna

Framkvæmdastjórn telur þjálfararáðstefnu styðja við faglegt starf félagsins en vill kanna hug aðalstjórnar til verkefnisins og vísar því til næsta fundar aðalstjórnar.

8. Innleiðingarpakki ÍSÍ vegna persónuverndarmála (GDPR)

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu innleiðingar persónuverndarlaga hjá Umf. Selfoss eftir kynningarfund hjá HSK. Framkvæmdastjóra falið að klára málið.

9. Erindi frá júdódeild

Stjórn júdódeildar Umf. Selfoss hefur áhyggjur af ástandi byggingarinnar sem júdódeildin hefur aðstöðu í. Er það ósk deildarinnar að ráðist verði í varanlega lausn þegar starf deildarinnar verður í sumarfrii.

Framkvæmdastjóra falið að taka málið upp við Sveitarfélagið Árborg.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 22:08.
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**